

**Fundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal,
haldinn fimmtudagurinn 26. september 2024, kl. 13,
í Eiríksbúð í Þjórsárdal.**

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

Til fundar mættu einnig Unnsteinn Elíasson (ferjubakki4@gmail.com) hleðslu- og torfskurðarmaður og Alma Sigurðardóttir arkitekt og sérfræðingur hjá húsasafni Þjóðminjasafnsins.

Viðhaldspörf og áætlunargerð

Rætt var um viðhaldspörf Þjóðveldisbæjarins. Farið yfir helstu viðhaldsverkefni undanfarinna ára sem hússtjórn hefur upplýsingar um.

GF varpar upp á skjá frétt úr Morgunblaðinu frá 2011 þar sem fjallað er um viðhald bæjarins og birtar myndir.

Árið 2022 var austurgafi bæjarins endurnýjaður. Alma spyr hvort skilað hefði verið viðgerðarskýrslu vegna framkvæmda árið 2022. Svo er ekki.

GF varpar upp samantekt á viðhaldi sem hann hefur fundið í gögnum stjórnar og skv. bókhaldi. Samantektin gefur gott yfirlit yfir það viðhald sem farið hefur fram undanfarin ár, aftur til ársins 2010. GF segir að viðhaldi hafi verið þökkalega sinnt í gegnum árin, er þó ekki viss um innveggina.

GF segir frá fyrirspurn frá rekstraraðila, Helga, hvort hann eigi að slá þekjuna. Alma segir að í húsasafni Þjóðminjasafnsins sé ekki slegið á sumrin heldur aðeins á haustin.

HÞ segir að nú séu rekstraraðilar í bænum og það gefi tækifæri til að fylgjast betur með bænum og þeirri hringrás sem varðveislan þarf. Bestar upplýsingar koma frá þeim sem nota húsið.

Rætt um ástand hússins. Rætt um aðsóknartölur og mögulega fjölgun gesta og hvaða áhrif slíkur ágangur hafi á húsið og muni eflaust kalla á aukið viðhald.

Rætt um loftræsingu. Alma segir að mest þörf sé á loftræsingu yfir vetrartímann. GF tekur fram að þetta séu atriði sem þarf að taka tillit til við gerð fjárhagsáætlunar.

GF leggur til að útbúin verði framkvæmdaáætlun nú í haust þar sem verkefninu verði áfangaskipt svo fara megi allan hringinn á húsinu (þ.e.a.s. taka alla útveggi og stoðveggi sem máli skipta og þarfnast viðhalds). GF leggur áherslu á að viðhaldið þarf að vera í góðu samstarfi milli rekstraraðilans og þess sem framkvæmdir viðhaldið.

Unnsteinn spyr um heimildir um viðhaldið. HÞ og GF fara yfir þær upplýsingar sem núverandi stjórn hefur. Mjög rýr umfjöllun í ársskýrslum fyrri stjórnna. Viðgerðaskýrslur eru ekki til. Samantekt GF úr bókhaldi og öðrum gögnum hússtjórnar í raun eina heimildin um viðhaldið.

HÞ hefur einnig reynt að taka viðgerðasöguna saman, sbr. þau gögn sem GF hefur sent.

GF ræddi forsendur varðandi áætlanagerð um viðhald. Húsið er nú meira notað en áður og í það koma fleiri gestir.

Umræður um nýjar og/eða hagkvæmari aðferðir og efni varðandi viðhald bæjarins. Hússtjórn sammála um að svigrúm sé til þess þar sem ekki er um eiginlegar fornminjar að ræða heldur tilgátuhús. Nauðsynlegt að tryggja öryggi og aðgengi að bænum en jafnframt að vera trú upphaflegri hugmynd tilgátuhússins.

Unnsteinn spyr nánar um sýn og forsendur hússtjórnar varðandi viðhald hússins og hvort markmið sé að færa húsið til „upprunalegs horfs“ eða hvort nýrri aðferðir leyfist o.s.frv.

Stjórn sammála um að vera trú upphaflegu hugmyndinni um tilgátuhús en taka verði tillit til aukinnar umgengni og að bærinn þoli það.

Unnsteinn og Alma véku af fundi.

Vatnslögn

Rekstraraðilar munu ljúka starfsemi sinni í bænum 15. október nk. Þá þarf að fara í aðgerðir með vatnið. GF upplýsir að samfara breytingum við nýtt hús, Múla, sem Landsvirkjun er að byggja, þurfi að gera ráðstafanir varðandi tengingar í Þjóðveldisbæinn. GF mun gera ráðstafanir til að tryggja að tengingar í bæinn verði fullnægjandi með þeim hætti að nægilegt verði að dælumál við inntak í Þjóðveldisbæjarinn verði það eina sem þurfi að leysa. Alltaf þarf að dæla upp brekkuna í Þjóðveldisbæinn en vonandi verður nægur þrýstingur sem dugir inn í fyrirhugað þjónustuhús á bílastæðinu. Í versta falli verður lögnin ekki vetrarfær og þá þarf að setja nýja lögn frá Eiríksbúð og að bílastæðinu. Það yrði alltaf verkefni á vegum Þjóðveldisbæjarins, ekki Landsvirkjunar. GF er bjartsýnn á að það verði ekki nauðsynlegt. Framkvæmdir eiga að hefjast í október og þá mun staðan koma betur í ljós. Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu lagnar upp í bæinn.

Rafmagnsmál

GF hefur fengið vilyrði hjá Landsvirkjun að hússtjórn getu sótt um styrk frá Landsvirkjun, að fjárhæð 6 m.kr. sem verði notaður til að klára rafmagnsmálin, þ.e.a.s. að koma heimtaug í bæinn og tengja við RARIK. Eftir er að sækja um heimtaug. Þar sem um er að ræða tvær lóðir ætti kostnaðurinn með réttu að skiptast milli Þjóðveldisbæjarins og sveitarfélagsins.

Frekari kostnaður mun falla til við að koma rafmagnsmálum í samt lag. T.d. þarf að setja upp mæli, spennni, götukassa o.fl. GF mælir með að tveir mælir verði settir, þ.e. einn í þjónustuhúsið og annar í Þjóðveldisbæinn.

Stjórn samþykkir styrkumsókn til Landsvirkjunar einróma og var hún undirrituð. GF falið að taka málið áfram innan Landsvirkjunar.

Stjórn samþykkir einnig að GF sæki um heimtaugina, f.h. hússtjórnar, þegar styrkur hefur fengist.

Áætlunargerð og framtíðarfjármögnun Þjóðveldisbæjar

Umræður fóru fram um framtíðar fjárþörf Þjóðveldisbæjarins m.t.t. þess mikla viðhalds sem torfhús krefjast. GF varpaði á skjáinn excel-skjali þar sem mögulegar sviðsmyndir eru settar fram með dæmum um fjárframlagi frá þeim sem að máldaga Þjóðveldisbæjarins standa.

BHÁ staðfestir að vilji sveitarfélagsins stendur til að styðja við bæinn með beinu fjárframlagi. Stjórnin sammála um að það sé mjög jákvætt skref. BHÁ segir jafnframt að nú standi yfir vinna

hjá sveitarfélaginu við fjárhagsáætlun og þá verði þessi mál rædd og tekin fyrir. BHÁ mun upplýsa stjórn um hvaða fjárhæð sveitarfélagið er tilbúið að leggja til bæjarins.

GF og VJ ræddu vinnu við endurskoðun máldaga. Mikilvægt er að sú vinna klárast fyrir áramót svo að framlög á næsta ári séu viðunandi og til þess fallin að mæta nauðsynlegum viðhaldskostnaði.

HÞ ræddi sögu bæjarins og þá staðreynd að þáverandi stjórnendur Landvirkjunar hefðu verið miklir forvígismenn þess að bærinn var byggður á sínum tíma.

Sjónarmið rædd varðandi fjármögnunarmöguleika bæjarins. Rætt um hversu styðjandi það væri ef hægt væri að eiga samstarf við t.d. Háskóla Íslands varðandi rannsóknir o.fl. á bænum.

Stjórn einhuga um að ljúka endurskoðun máldaga og að ná lendingu milli ráðuneytis, Landsvirkjunar og sveitarfélags um viðeigandi fjárhagslegan stuðning.

Næsti fundur fyrirhugaður að mánuði liðnum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14 og þá var farið í Þjóðveldisbæinn og aðstæður skoðaðar með Ölmum og Unnsteini.